

## 2. Fundur

Þriðjudaginn 23. apríl 2024 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 18:30.

*Mættir voru: Agnes Reykdal, Bryndís Björk Barkardóttir, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Hulda Björnsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Stefanía Árdís Árnadóttir og Stefán Jónsson.*

### Dagskrá:

1. maí 2024  
Farið var yfir skipulag 1. maí, stjórnarmenn ætla að fjölmenna.
- Starfsdagur trúnaðarmanna/Illugastaðir fimmtudaginn 23. maí 2024.  
Samþykkt var að halda starfsdag trúnaðarmanna á Illugastöðum, bjóða upp á mat, fá fyrirlestur frá Ásdísi Hjálmsdóttur um markmiðasetningu og finna einhvern til að tala um fjármál. Og svo eitthvað skemmtilegt áður en haldið verður heim. Farið verður í rútu.
- Aðalfundur Orlofsbyggðarinnar Illugastöðum, 7. maí 2024 kl. 13:00  
Fulltrúi félagsins er Stefanía Árdís.
- Ársfundur SÍMEY þann 29. apríl 2024 kl. 14:00-15:30.  
Fulltrúi félagsins er Halldór Óli.
- Leiga orlofshús á Spáni 2025.  
Ákveðið var að skrifstofa heyri í þeim sem eiga bókað fyrstu vikurnar af leigum árið 2024 og svo verður tekin ákvörðun í framhaldinu.
46. Þing ASÍ 16.-18. október 2024.  
Formaður upplýsti um þing ASÍ og þing AN sem fer fram 3. og 4. október 2024.
- Önnur mál.
  - Auglýst var eftir fulltrúum í fulltrúaráð Stapa og fyrir aðalfund Stapa.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.